

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**743. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 26. mars 2012**  
**kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Drög að brunavarnaráætlun.
2. Aðalfundarboð Hagfélagsins ehf.
3. Bréf HSS.
4. Bréf Benjamíns Kristinssonar.

**Afgreiðslur:**

1. Slökkviliðsstjóri er mættur til fundar við byggðarráð. Farið yfir drög að brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði Húnaþings vestra.
2. Lagt fram aðalfundarboð Hagfélagsins ehf. sem haldinn verður 2. apríl n.k. kl 16:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
3. Lagt fram bréf Héraðssambands Strandamanna dags. 11. mars s.l. beiðni um stuðning við starfsemi Héraðssambandsins. Sótt er um styrk að upphæð kr. 100.000. Afgreiðslu erindisins frestað.
4. Lagt fram bréf Benjamíns Kristinssonar dags. 14. mars s.l. þar sem hann segir upp starfi sínu sem byggingafulltrúi sveitarfélagsins. Byggðarráð þakkar Benjamín fyrir gott samstarf á liðnum árum og felur Sveitarstjóra að ræða við hann um tímasetningu starfsloka.  
Samþykkt að taka á dagskrá:
5. Lögð fram tillaga frá sveitarstjóra um að ráða Ólaf Björnsson hrl. til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins vegna væntanlegra þjóðlendukrafna íslenska ríkisins. Byggðarráð samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Ólaf.
6. Lögð fram tillaga um að ganga til samninga við TM software ehf. um hönnun og gerð nýrrar heimasíðu fyrir sveitarfélagið á grundvelli tilboðs þeirra. Byggðarráð samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að skrifa undir samninginn. Elín R. Líndal vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:32

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Sigurður Kjartansson